



Aðgerðaráætlun Rangárfings eystra

Aðgerðir Rangárfings eystra

vegna COVID-19

2. útgáfa – 19. mars 2020

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun Rangárfings eystra



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Tilfnið | 2 |
| Samhengi..... | 2 |
| Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig | 3 |
| Fyrir eldri borgara | 3 |
| Hjúkrunar og dvalarheimilið Kirkjuhvoll | 3 |
| Heilsuefling 60+ | 4 |
| Félagsstarf eldri borgara | 4 |
| Þjónusta og starfsemi á vegum Rangárpings eystra | 4 |
| Skrifstofa Rangárpings eystra | 5 |
| Áhaldahús | 5 |
| Hvolsskóli | 5 |
| Leiksólinn Örk | 7 |
| Íþróttamiðstöð | 8 |
| Félagsmiðstöðin Tvisturinn | 9 |
| Héraðsbókasafn | 9 |
| Félagsheimili | 10 |
| Starfsemi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu | 10 |
| Almenn tilmæli. Á við um alla starfsemi og starfsmenn sveitarfélagsins. | 11 |
| Opnunartími og heimsóknir almennt | 11 |
| Fundir | 11 |
| Eldhús, kaffi og veitingar | 12 |
| Hreinlæti og merkingar | 12 |
| Fjarvinna | 12 |
| Ferðalög | 13 |
| Starfsfólk almenn fyrirmæli..... | 13 |
| Frekari upplýsingar | 14 |
| Gögn og upplýsingar annarra | 14 |



Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Rangárbings eystra leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru endurmetin jafnóðum, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Rangárbingi eystra er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisembættis. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt og verður aðgerðaráætlunin uppfærð jafnóðum.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Rangárbings eystra við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 1. útgáfa, 10. mars 2020. [Sjá hér á vef bæjarins.](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Rangárbings eystra sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi Rangárbings eystra til að:

- Varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar
- undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður.

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar. Upplýsingar verða birtar á vef sveitarfélagsins, á facebook síðu þess sem og með tölvupósti eftir því sem við á í hverju tilviki.



Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Athugð að tilkynningar um breytingar á þjónustu verða sendar út jafnóðum. Hér á eftir kemur samantekt með ráðstöfunum og þjónustusigi stofnana sveitarfélagsins.

Fyrir eldri borgara

Markmið breytinganna á þjónustu við eldri borgara er að vernda hópinn sem er í mestri áhættu fyrir smiti vegna Covid-19, skv. leiðbeiningum landlæknis. Það er m.a. gert með því að draga úr samgangi fólks og huga vel að því á hvernig stöðum/svæðum fólk kemur saman.

Útgangspunktur okkar allra er að loka ekki á alla þjónustu, félagsstarf eða starfsemi, heldur finna leiðir til að veita þjónustu eða bregðast við aðstæðum með því að fara aðrar leiðir, eftir því sem hægt er.

Hjúkrunar og dvalarheimilið Kirkjuhvoll

Stjórnendur Kirkjuhvols hafa tekið þá ákvörðun að loka hjúkrunarheimilinu fyrir heimsóknnum ættingja og annarra gesta frá og með 6. mars 2020 þar til annað verður formlega tilkynnt. Er þetta gert að höfðu samráði við Sóttvarnarlækni og Landlækni eftir að Neyðarstigi almannavarna var lýst yfir.

Verið er að tryggja órofinn rekstur stofnunarinnar með því að deildarskipta starfseminni í 3 deildir. Starfsfólki hefur verið skipt upp í 3 hópa fyrir hverja deild, til að fækka smitleiðum og auðvelda rakningu og einangrun smits sem kann að koma upp. Einnig er unnið samkvæmt áætlun til að hefta smitleiðir sem allra mest. Starfsfólk er hvatt til að vera í sem minnstum samskiptum við almenning í frítíma sínum og gæta að hreinlæti.

Búið er að gera miklar ráðstafanir varðandi mötuneyti Kirkjuhvols, til að tryggja órofinn rekstur þess. Mötuneytið og starfsmenn þess hafa verið algerlega aðskilin frá frá allir annarri starfsemi í húsinu, starfsfólki skipt upp á vaktir og skoðaður sá möguleiki að kalla til utanaðkomandi starfsfólk, komi til þess að núverandi starfsfólk veikist eða lendi í sóttkví.



- Heimasíða Kirkjuhvols:
 - <http://kirkjuhvoll.hvolsvollur.is/>
- Tölvupóstfang
 - Almennt: kirkjuhvoll@hvolsvollur.is
 - Hjúkrunarforstjóri: olof@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 487-8108

Heilsuefling 60+

Eftirfarandi ráðstafanir eru gerðar, í samráði við umsjónamann heilsueflingu 60+:

Tímar með þjálfara í líkamsræktarstöð Rangárþings eystra hefur verið aflýst þar til annað verður ákveðið.

- Þjálfari mun þess í stað senda þátttakendu verkefnisins æfingar til að stunda heima.
- Rangárþing eystra leitast við að hafa vel mokaða og sandaða stíga til að allir geti stundað útivist.

Félagsstarf eldri borgara

Mikil röskun er á félagsstarfi eldri borgara.

- Handavinna eldri borgara hefur verið frestað um óákveðin tíma
- Spil eldri borgara á fimmtudögum hefur verið frestað um óákveðin tíma.
- Kór eldri borgara hefur gert hlé á æfingum um óákveðin tíma.
- Boccia-tímar í Íþróttahúsi hafa verið felldir niður um óákveðin tíma.

Þjónusta og starfsemi á vegum Rangárþings eystra

Hér er farið yfir aðgerðir og breytingar á þjónustu, hjá hverri stofnun fyrir sig. Athugið að þessar upplýsingar geta breyst dag frá degi.



Skrifstofa Rangárfings eystra

Rangárfing eystra og fyrirtæki sem eru með aðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins að Austurvegi 4, beina þeim tilmælum til íbúa að heimsóknir á skrifstofunnar verði í algeru lágmarki og almenningur komi ekki nema að brýn nauðsyn sé fyrir heimsókn. Við bendum á að lang flest erindi er hægt að afgreiða með símtali, tölvupósti eða fjarfundi.

Unnið er að því að gera alla starfsmenn skrifstofunnar í stakk búna til að vinna sín störf í fjarvinnu. Stjórnendur og starfsmenn skipta með sér að vinna heiman frá og á skrifstofu og funda eingöngu í fjarfundi til að lágmarka hættu á að rof verði á rekstri.

Komið getur til algjörRAR lokunar á skrifstofuhúsnæði.

- Heimasíða:
 - www.hvolsvollur.is
- Tölvupóstfang:
 - Almenn erindi: hvolsvollur@hvolsvollur.is
 - Byggingafulltrúi: bygg@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 488-4200

Áhaldahús

Heimsóknir óviðkomandi bannaðar með öllu um óákveðinn tíma. Starfsmönnum skipt upp í vaktir, til að tryggja órofinn rekstur.

- Heimasíða:
 - www.hvolsvollur.is
- Tölvupóstfang:
 - ahaldahus@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 488-4200

Hvolsskóli

Mánudaginn 16.3 verður skóla lokað vegna starfsdags.

Skólalald í Hvolsskóla er með verulega breyttu sniðu. 1.-4. bekkur verður alla daga í skólanum en 5. og 6. bekkur mæta til skiptis í skólann. Öll kennsla í 7.-10. bekk mun fara fram í fjarnámi. Nánari upplýsingar um fjarnám verða sendar foreldrum og nemendum í tölvupósti.

Hér er skipulag fyrir komandi viku 17.-20. Mars:



| Skipulag fyrir dagna 17.-20. mars 2020 | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur GB | 3. bekkur HH | 4. bekkur | 5. bekkur | 6. bekkur HS og SÓ |
| Heimastofa | Stofa 1. bekkjar | Stofa 2. bekkjar | Stofa GB | Náttúrufræðistofa | Stofa 6. bekkjar | Stofa 9. bekkjar | Stofur 8. bekkjar |
| Fataklefi og inngangur | Nota neyðarhurð í stofu og fatahengi í stofu 3. bekkjar. | Nota neyðarhurð í stofu og fatahengi. | Nota inngang í stofu og hafa leikskólafatahengi í stofu. | Nota inngang við Menntaveg og fatahengi þar. | Nota inngang við Menntaveg og fara með útiföt inn á miðstig. | Nota inngang hjá ritara og fatahengi þar. | Nota inngang hjá ritara og fatahengi þar. Skipt upp í tvo hópa. |
| WC | Merkt hópnum | Merkt hópnum | Merkt hópnum | Merkt hópnum | Merkt hópnum | ESta stig | ESta stig |
| Útisvæði | 9:50-10:10 Gíslahóll | 9:50-10:10 Kastali og rókur | 9:50-10:10 Köruboltavöllur | 9:50-10:10 Fótþolvöllur | 9:50-10:10 Inni - hleypt út á Gíslahól eftir frímínútur hjá hinum. | Allt undir Tryggja að yngri séu komin inn. | Menntavegur markar miðju 10:10-10:30 Tryggja að yngri séu komin inn. |
| Ávextir | Inni í stofu | Inni í stofu | Inni í stofu | Inni í stofu | Inni í stofu | Inni í stofu | Inni í stofu |
| Íþróttir | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. | Útvera eða kennarar fara í stofurnar. |
| Tónmennt | Kennari í stofu | Kennari í stofu | Kennari í stofu | Kennari í stofu | Kennari í stofu | Kennari í stofu | Kennari í stofu |
| Forskóli | | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | | |
| Smíðjur | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. | Kennarar fara í stofurnar. |
| Matur | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. | Merkt borð í matsal. Hver hópur fær 15 mínútur í sal. Söðhreinsað á milli. Ekki útvera. |
| Sama skipulag á frímínútum eftir hádegi þegar það á við. Engin útvera í hádegi. | | | | | | | |
| Nemendur í 7.10. bekk í fjar kennslu | | | | | | | |
| 5. bekkur verður þriðjudag og fimmtudag. | | | | | | | |
| 6. bekkur verður miðvikudag og föstudag. | | | | | | | |

Skólaskjól verður ekki opið þriðjudaginn 17. mars. Framhaldið er óljóst eins og staðan er núna.

Eftirfarandi breytingar eru hjá þeim börnum sem koma í skólann:

- Það verður ekki boðið upp á hafragraut neina morgna, en ávaxta stund og hádegismatur verður í boði. Þó með breyttu sniði, mismunandi bekkir koma ekki á sama tíma í matsal.
- Stundatöflur breytast lítillega yfir daginn, þ.e. tímasetningar kennslustunda og matartíma svo eitthvað sé nefnt.
- Nemendur verða nánast alfarið í einni stofu og á útisvæði þann tíma sem þeir eru í skólanum. Einn hópur í einu fer í matsalinn að borða.
- Faggreinakennarar koma því inn í stofurnar og einungis einn hefur það hlutverk að vera með hverjum bekk.
- Íþróttakennarar koma inn í stofur eða verða með nemendum úti í íþróttatímum.
- Foreldrar beðnir um að senda börnin ekki of snemma af stað því ekki er hægt að opna húsið fyrr en rétt um kl 8.

Nánari upplýsingar eru sendar foreldrum með tölvupósti. Athugið að skipulag skólalahalds getur breyst með skömmum fyrirvara og foreldrar eru því beðnir um að fylgjast vel með tölvupósti.

- Heimasíða
 - www.hvolsskoli.is
- Tölvupóstfang:
 - Almennt: hvolsskoli@hvolsskoli.is
 - Skólastjóri: birna@hvolsskoli.is
- Símanúmer
 - 488-4240



- Skólastjóri: 865-8926

Leikskólinn Örku

Mánudaginn 16.3 verður skóla lokað vegna starfsdags.

Lagt er upp með að takmarka sem allra mest blöndun milli deilda, til að forðast að loka þurfi öllum leikskólanum komi upp smit á einni deild. Börn foreldra sem starfa á heilbrigðisstofnunum og viðbragðsaðila eru í forgangshópi og verða látin gangi fyrir í vistun, komi til þess að senda þurfi börn heim.

Breyting á ferlum/vistun sem tengjast forráðamönnum og börnum:

- Leikskólinn lokar 16:15 í stað 16:30. Foreldrar þurfa að vera búnir að sækja börnin sín fyrir þann tíma.
- Einungis foreldrar mega koma með og sækja börnin sín, systkini mega ekki fara milli húsa og því þurfa foreldrar að huga að því í tíma ef þarf að sækja systkini. Eldri systkini, ömmur og afar og aðrir aðstandendur mega ekki koma með eða sækja börnin um óákveðin tíma.
- Ef foreldrar vilja/geta haft börnin sín heima þá er hægt að fá niðurfellingu á leikskólagjöldum á móti, ef barn er í frí viku í senn (1-4 vikur). Tilkynna skal leikskólastjóra á netfangið solbjort@hvolsvollur.is ef barn á að vera í fríi.
- Skólabílaakstur leikskólabarna fellur niður.
- Fundarhöld verða í algjöru lágmarki og fundir skulu fara í gegnum fjarfund ef mökuleiki er á því.
- Aðlaganir nýrra barna frestast um óákveðin tíma.
- Ekki verður farið í íþróttahús, bókasafn eða aðrar stofnanir
- Innidagur eftir veikindi barna í leikskólanum verður felldur niður um óákveðin tíma. Við biðlum til foreldra að ef veikindi eru á heimili að koma ekki með börnin í leikskólann þann daginn.
- Ef mikil forföll / veikindi er á einni deild af starfsfólki þarf jafnvel að grípa til þess að senda börn heim. Börn forgangshópa ganga fyrir með vistun.
- Miðað er við að ekki séu fleiri en 20 börn á deild hverju sinni og þessa vikuna þurfum við ekki að grípa til hópaskiptinga barna.
- Deildir skipuleggja útiveru og blandast hópar ekki.
- Starf verður ekki með hefðbundnum hætti en við gerum okkar besta í þessum fordæmalausum aðstæðum.



Unnið er samkvæmt ákveðnum ferlum sem tengjast starfsmönnum, útgefnum af leikskólastjóra, til að tryggja órofinn rekstur og rjúfa smitleiðir. Athugið að skipulag skólahalds getur breyst með skömmum fyrirvara og foreldrar eru því beðnir um að fylgjast vel með tölvupósti.

- Heimasíða: <http://ork.leikskolinn.is/>
- Tölvupóstfang:
 - Almennt: leikskoli@hvolsvollur.is
 - Skólastjóri: solbjort@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 488 4270

Íþróttamiðstöð

Þrif á snertiflötum hafa verið aukin, sóttþreinsir aðgengilegur í opnum rýmum, klósettum og líkamsrækt.

Settar hafa verið takmarkanir á fjölda gesta og þjónustu til að lágmarka hættu á smiti milli gesta.

- Hámarksfjöldi gesta í líkamsrækt 8 manns.
- Hámarksfjöldi gesta í hverjum heitum potti 4 manns.
- Hámarksfjöldi gesta í vaðlaug 8 manns.
- Hámarksfjöldi gesta í sundlaug 15 manns.
- Hámarksfjöldi gesta í kalda karið 1 manneskja.
- Gufubað er lokað um óákveðinn tíma.
- Búningsklefum fyrir líkamsrækt hefur verið lokað um óákveðinn tíma.
- Grunn- og leikskóli munu ekki nýta sér íþróttamiðstöð til íþrótt- og sundkennslu, þar til annað verður ákveðið.
- Heimasíða:
 - <https://www.hvolsvollur.is/is/ibuar/ithrottamidstodin>
- Tölvupóstfang:
 - Almennt: sundlaug@hvolsvollur.is
 - Forstöðumaður: olafuorn@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 488-4297



Félagsmiðstöðin Tvisturinn

Búið er að fresta öllum skipulegum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Starfsemi félagsmiðstöðvar mun liggja niðri þar til annað verður ákveðið.

- Heimasíða:
 - www.facebook.com/felo.tvisturinn
- Tölvupóstfang:
 - Almennt: tvisturinn@hvolsvollur.is
 - Forstöðumaður: throstur@hvolsvollur.is
- Símanúmer
 - 488-4290
 - 691-1270

Héraðsbókasafn

Starfsfólk safnsins vinnur á aðskildum tímum. Afgreiðslutölva, skrifborð, vinnusvæði og snertifletir eru þrífir með sótthreinsiefni reglulega.

Skólabókasafnið er lokað.

Hægt er að fá nýjar bækur í bókakassa hvers hóps. Best er að setja kassana á vagninn fyrir utan á fimmtudegi, á föstudegi tökum við þær og sótthreinsum og setjum nýjar bækur í kassann og þá er allt tilbúið á mánudagsmorgni á vagninum.

Kennarar og nemendur geta svo að sjálfsgöðu haft samband á bokrang@bokrang.is, skrifað skilaboð á facebook síðu safnsins www.facebook.com/heradsbokasafn eða hringt í s. 6900573 með allar fyrirspurnir, þjónustubeiðir eða annað.

Almenningsbókasafnið er opið, við hvetjum þó gesti okkar til að dvelja ekki lengur en þörf er á. Við höfum handspritt aðgengilegt fyrir gesti og minnum á 2 metra regluna.

Bókum skal skilað í þar til gerðan kassa þar sem þær eru hafðar í sóttkví til næsta dags en þá eru þær þrífir með sótthreinsiefni áður en þær eru settar í hillu og lánaðar öðrum.

Tímarit eru eingöngu til útláns, ekki til skoðunar á safninu.

Ekki verður innheimt gjald fyrir leigu á DVD diskum á meðan samkomubann er í gildi á Íslandi.

Búið er að koma á pöntunarþjónustu bóka. Við bjóðum notendum safnsins að hafa samband símleiðis eða með tölvupósti þar sem fram kemur titill bókar og/eða annara gagna og nafn og kennitala lánþega. Við finnum svo til gögnin og skráum á viðkomandi sem kemur svo og sækir. Þannig stytum við verulega þann tíma sem viðkomandi stoppar á safninu. Einnig geta þeir sem eru í viðkvæmum hópum fengið heimsendar bækur og önnur gögn.



- Heimasíða:
 - www.facebook.com/heradsbokasafn
- Tölvupóstfang:
 - Almennt: bokrang@bokrang.is
 - Forstöðumaður: elisa@bokrang.is
- Símanúmer
 - 488-4232
 - 690-0573

Félagsheimili

Öll félagsheimili sveitarfélagsins eru opin fyrir bókanir, sóttvarnir hafa verið auknar en biðjum við fólk að fara með gát. Komið getur til lokunar á félagsheimilum með stuttum fyrirvara.

- Um allar samkomur 100 manna og fleiri gildir samkomubann sem virkjað hefur verið skv. heimildum sóttvarnarlaga, sett af heilbrigðisráðherra.
- Flestum viðburðum, fundum og veislum hefur verið frestað eða aflýst.
- Sveitarfélagið hefur ákveðið að rukka ekki gjald fyrir þá viðburði sem þarf að aflýsa, jafnvel þó það sé gert með mjög stuttum fyrirvara.

Starfsemi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Líkt og aðrar stofnanir fylgir Félags- og skólaþjónustan leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda frá degi til dags. Eftirfarandi ráðstafanir hafa verið gerðar:

- Allir þjónustubættir félagsþjónustu eru virkir; barnavernd og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og á ábyrgð hennar, þ.e. félagsleg heimþjónusta, liðveisla og akstursþjónusta.
- Starfsmenn félagsþjónustu vinna á vöktum til skiptis á skrifstofu og heima til að tryggja órofinn rekstur.
- Takmörkun á heimsóknum skjólstæðinga á skrifstofu félagsþjónustunnar, lagt upp með að leysa erindi með síma, tölvupósti og fjarfundi.
- Öll lögbundin þjónusta skólaþjónustunnar við skóla, foreldra og nemendur er virk en ráðgjafar koma eingöngu í skólana ef brýna nauðsyn ber til.
- Uppskeruhátíð Stóru upplestrarkeppninnar hefur verið frestað.



- Frestað er fundum sem ekki eru brýnir og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst.
- Heimasíða Félags- og skólaþjónustunnar er:
 - <http://www.felagsogskolamal.is/>
- Tölvupóstföng:
 - Félagsþjónusta: felagsmal@felagsmal.is
 - Skólaþjónusta: skolamal@skolamal.is
- Þjónustusímar eru:
 - Félagsþjónusta: 487-8125
 - Skólaþjónusta: 487-8107 og 488-4231
 - Barnavernd 112 (eftir kl. 16 virka daga, kvöld, helgar og hátíðardaga)

Almenn tilmæli. Á við um alla starfsemi og starfsmenn sveitarfélagsins.

Opnunartími og heimsóknir almennt

Tekið hefur verið fyrir heimsóknir í stofnanir og húsnæði bæjarins, nema fyrir þau sem þangað eiga brýn erindi. Það er í höndum forstöðumanna stofnana að sjá um framkvæmd á þessu. Við óskum eftir góðri samvinnu og skilningi.

Fundir

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa.
- Fundi nefnda, ráða og sveitarstjórna Rangárbings eystra má halda sem fjarfundi, ef nauðsyn krefur, sbr. væntanlega breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
- Fyrir vinnufundi og óformlega fundi skal nýta fjarfundabúnað (Zoom, Skype eða Teams).
- Starfsfólk bæjarins skal ekki taka þátt í fundum með utanaðkomandi aðilum, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal þó leita eftir því að taka þátt gegnum fjarfundabúnað.



Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Matar- og kaffitímar (áhöld, aðferðir, frágangur) endurskipulagðir.
- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk skulu ekki haldnir.
- Framboð af matvælum í ísskáp takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.) Matur starfsfólks sé í lokuðum umbúðum.

Hreinlæti og merkingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Hvetjum til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur með volgu vatni og sápu langmestu máli skv. leiðbeiningum.
- Í stofnunum okkar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Að upplýsa og fræða: Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku hið minnsta).
- Forstöðumenn hafa séð til þess að áherslur í þrifum voru endurskoðaðar og farið yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa og sótthreinsa sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv. reglulega yfir daginn.

Fjarvinna

- Fjarvinna er viðhöfð að hluta þ.e. í störfum þar sem það á við.
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.



- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings, þannig að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða fjármálastjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.
- Það starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða á nána aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma, sem ekki verður komist hjá að eiga dagleg samskipti við, er hvatt til að vinna heima sé þess kostur, komist útbreiðsla smits á það hátt stig að fólki sé þá veruleg hættu búin. Slíkt skal ákveðið í samráði við yfirmann.

Ferðalög

- Fyrirhuguðum ferðum tengdum vinnu hjá starfsmönnum Rangárþings eystra í mars og apríl hefur verið frestað. Endurskoðað eftir þörfum í samráði við aðgerðir almannavarna og sóttvarna.
- Allt starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni. Sjá næsta kafla.
- Starfsfólk er hvatt til að stilla ferðalögum í hóf í samræmi við samkomubann.

Starfsfólk almenn fyrirmæli

- Förum eftir fyrirmælum landlæknis.
- Þau sem finna fyrir einkennum COVID-19 mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þau fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu. Hafi strax samband við næsta yfirmann og heilsugæslu.
- Vinsamleg tilmæli til starfsfólks að það takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum og mannamótum utan vinnu.
- Þeir starfsmenn sem telja sig hafa verið í samskiptum við einstaklinga sem eru í sóttkví eða hafa fengið veiruna skulu ráðfæra sig við yfirmann um áframhaldandi viðveru eða mögulega fjarvinnu.
- Starfsfólk heilsar ekki með handabandi og sleppum allri snertingu. Virðum 2ja metra regluna.
- Um greiðslur Rangárþings eystra til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna COVID-19, fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga hverju sinni.



Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Rangárbíngs eystra: <http://www.hvolsvollur.is>

Við erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/rangarthingeystra/>

Senda má fyrirspurn á netfangið hvolsvollur@hvolsvollur.is, sem er vaktað pósthólf, eða hringja í 488-4200 (ráðhús).

Þá er hægt að óska eftir og skila inn gögnum, svo og sækja um ýmsa þjónustu og leyfi á vef Rangárbíngs eystra: <http://www.hvolsvollur.is>

Gögn og upplýsingar annarra

Minnt er á [vef landlæknis](#) þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar um COVID-19 sem eru uppfærðar í rauntíma.

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga](#).

Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.

[Samband íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum.](#)

Endurskoðun áætlunar

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum sveitarstjóra og skal hún endurskoðuð reglulega en yfirfarin árlega. Ef miklar breytingar verða á starfsemi sveitarfélagsins og stofnunum þess skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.



Samþykkt af Sveitarstjórn Rangárbæis eystra 19. mars 2020
